


# VESTFJARÐARVEGUR

## GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI

**Dags. 9. febrúar 2012**

---

LANDMÓTUN

Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir
**Hamraborg 12, 200 Kópavogi**
**sími 554 5300 fax 554 5360**

## Efnisyfirlit


*1. Inngangur* — *5*
*2. Markmið* — *5*
*3. Staðhættir* — *6*
*4. Umhverfismat* — *6*
**4.1. Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum** — **7**
**4.2. Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum** — **7**
**4.3. Skilgreining á vægi áhrifa** — **7**
**4.4. Tengsl við aðrar áætlanir** — **7**
**4.5. Nálgun og aðferðir** — **8**
**4.6. Valkostir** — **8**
*5. Deiliskipulagssvæði og umhverfisáhrif* — *8*
*6. Mjóifjörður* — *9*
**6.1. Staðhættir** — **9**
**6.2. Fornleifar** — **9**
**6.3. Skeringar og efnistaka** — **9**
**6.4. Fyllingar og brúargerð** — **9**
**6.5. Efnisþörf** — **9**
**6.6. Veglína og áningarstaðir.** — **9**
**6.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir** — **10**
*7. Kirkjuból* — *11*
**7.1. Staðhættir** — **11**
**7.2. Fornleifar** — **11**
**7.3. Skeringar og efnistaka** — **11**
**7.4. Fyllingar og brúargerð** — **11**
**7.5. Efnisþörf** — **11**
**7.6. Veglína** — **11**
**7.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir** — **12**
*8. Litlanes* — *13*
**8.1. Staðhættir** — **13**
**8.2. Fornleifar** — **13**

8.3. Skeringar og efnistaka ____ 13
8.4. Fyllingar og brúargerð ____ 13
8.5. Efnisþörf ____ 13
8.6. Veglína og áningarstaður ____ 13
8.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir ____ 14
*9. Kjálkafjörður* ____ 15
9.1. Staðhættir ____ 15
9.2. Fornleifar ____ 15
9.3. Skeringar og efnistaka ____ 15
9.4. Fyllingar og brúargerð ____ 15
9.5. Efnisþörf ____ 15
9.6. Veglína ____ 16
9.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir ____ 17
*10. Sértækir skilmálar* ____ 17
*11. Afgreiðsla skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006* ____ 18
*12. Heimildir* ____ 21

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga

nr. 123/2010 var samþykkt í ________________________ þann __________ 20 __  og

í ________________________ þann __________  20__.

Tillagan var auglýst frá __________ 20__    með athugasemdafresti til _________   20__ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _______ 20__.

## Teikningaskrá:

Deiliskipulagsuppdrættir sem fylgja greinargerðinni eru þessar:
S01  Skýringaruppdráttur
D01. Mjóifjörður
D02. Kirkjuból
D03. Litlanes
D04. Kjálkafjörður

## 1. Inngangur

Deiliskipulagið er unnið samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna vegagerðar við Vestfjarðarveg innan sveitarfélagamarka Reykhólahrepps. Um er að ræða breytingu sem fjallar um nýja veglínu á Vestfjarðarvegi milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Þar sem breytingin nær einnig til Vesturbyggðar er unnið samhliða að aðalskipulagsbreytingunni og deiliskipulagi í báðum sveitarfélögunum.

Skipulagsbreytingin markar stefnu um framkvæmd sem er matsskyld skv. lögum nr. 106/2000. Því er skipulagsbreytingin einnig háð lögum um umhverfismat áætlana 105/2006.

Þar sem breytingar eru innan verndarsvæða þá þarf að gera deiliskipulag á afmörkuðum svæðum s.s. þar sem brúarmannvirki koma og þar sem veglínan víkur verulega frá núverandi vegi.

Deiliskipulagsuppdrættirnir ná yfir fjögur eftirfarandi svæði í Reykhólahreppi:

- Mjóifjörður
- Kirkjuból
- Litlanes
- Kjálkafjörður

Skipulagsgögn vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Vestfjarðarveg, uppdrættir, greinargerð og umhverfisskýrslan eru fylgiskjöl með deiliskipulagi þessu.

Með deiliskipulaginu fylgir jafnframt skýringaruppdráttur fyrir svæðið í heild sem nær til beggja sveitarfélaganna. Á skýringaruppdrættinum verða m.a. upplýsingar sem hafa verið unnar vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og rammar sem sýna staðsetningu á þeim hlutum vegarins þar sem gert verður deiliskipulag.

Kortagrunnur er uppréttur loftmynd og hæðarlínur frá Loftmyndum ehf.

## 2. Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa.

Til að auka öryggi og þægindi vegfarenda verður komið fyrir útskotum eða áningarstöðum á völdum stöðum við nýja veginn. Staðsetning og útfærsla á þessum stöðum mun fara fram í samráði við landeigendur og viðkomandi sveitarstjórn þegar hönnun framkvæmda verður komin á lokastig. Þess verður gætt að þeir verði í fjarri varpstöðum arna.

Vegtenging að núverandi áningarstað á Litlanesi verður aðlöguð að nýjum vegi og áningarstaðurinn lagfærður.

## 3. Staðhættir

Megin landnotkun í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður s.s. sauðfjárrækt, nautgriparækt og skógrækt. Sveitarfélagið er nokkuð strjálbýlt og talsvert um eyðijarðir. Íbúafjöldi í Reykhólahreppi sl. áratug hefur verið á bilinu 250-300 en íbúum hefur fækkað nokkuð síðan 1980 en þá bjuggu 416 í Austur-Barðastrandarsýslu. Í sveitarfélaginu bjuggu 278 1. janúar 2011.

Núverandi samgöngur um svæðið er þannig háttað að Vestfjarðavegur nr. 60 liggur um sveitarfélagið frá sveitarfélagmörkum Dalabyggðar við Gilsfjörð um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes að sveitarfélagamörkum Vesturbyggðar við Skiptá í Kjálkafirði. Bundið slitlag er á þessari leið Gilsfirði inn í botn Þorskafjarðar en þá tekur við malarslitlag yfir í Kollafjörð. Frá Kollafirði yfir í Vattarfjörð þar sem gert er ráð fyrir að nýr vegur byrji er bundið slitlag. frá Vattarfirði yfir í Vatnsfjörð inn þar sem við tekur bundið slitlag og var vegurinn lagður rétt fyrir 1970. Á honum eru einbreiðar brýr, þ.e. yfir Mjóafjarðará og Kjálkafjarðará. Vegurinn er bæði mjór og krókóttur og stenst ekki öryggiskröfurum burðarþol og öryggissvæði.

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar 2009 var umferð in um Vestfjarðaveg á viðkomandi vegarkafla 97 ÁDU (árdagsumferð), 208 SDU (sumardagsumferð) og 25 VDU (vetrardagsumferð). Hluti umferðarinnar fer með Breiðafjarðarferjunni Baldri yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar.

Ný veglína verður skilgreind sem stofnvegur en núverandi vegur færður um vegflokk og sýndur sem aðrir vegir til skýringar. Í samráði við landeigendur verður tekin ákvörðun um tengingar eftir núvarandi vegum að eyðibýlum á svæðinu og mögulega nýtingu þeirra sem ferðamannavegir.

Til lagningar Vestfjarðavegar milli Eiðis og Þverár, þarf um 1.150-1.460 þús. m3 af efni í undirbyggingu, yfirbyggingu og rofvarnir en efnisþörfin er breytileg eftir veglínum. Ekki þarf að opna nýjar námur vegna vegagerðarinnar þar sem talið er að efni sem fæst úr skeringum muni duga til framkvæmdarinnar.

## 4. Umhverfismat

Umhverfismatið er sett fram í venslatöflum í lok hvers kafla í umfjöllun um einstök skipulagssvæði.

Mat á umhverfisáhrifum byggist á þremur meginþáttum, sem eru:

- o Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- o Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan áhrifasvæðisins.
- o Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Viðmat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið, s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðsamninga, lög og reglugerðir.

## 4.1. Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum

Vegurinn, sem er megininntak áform aðrar breytingar á aðalskipulagi munu augljóslega valda umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu, legu, hönnun vega, hönnun brúa, stærð vegsvæðis og frágangi. Helstu áhrif á framkvæmdatíma felast í breytingum á því landsvæði sem fer undir veg, t.d. þar sem vegur fer yfir árfarvegi, sjó, votlendi, tún, gróin svæði, jarðmyndanir eða mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Nýr vegur hefur sjónræn áhrif, skiptir því upp og myndar skil í landslagið. Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma veldur hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð efnisþörf framkvæmdarinnar, staðsetningu náma og frágangi þeirra að efnistöku lokinni. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

## 4.2. Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum

Umhverfisáhrif, sem fyrirliggjandi áætlun um breytingar á aðalskipulagi er helst talin geta haft í för með sér, eru eftirtalin, og er fjallað nánar um hvern áhrifaþátt fyrir sig aftar í skýrslunni og eru áhrifin mismunandi eftir svæðum:

- Landslag og sjónræn áhrif
- Jarðfræði og jarðmyndanir
- Gróðurfar
- Fornleifar
- Vatnafar

## 4.3. Skilgreining á vægi áhrifa

Við matið er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan.

| Vægi áhrifa | Tákn | Skýring |
|---|---|---|
| Jákvæð | + | Jákvæð áhrif á umhverfisþátt |
| Óveruleg | 0 | Óveruleg áhrif á umhverfisþátt |
| Neikvæð | - | Neikvæð áhrif á umhverfisþátt |
| Áhrif óljós | ? | Óljós áhrif á umhverfisþátt |

***Tafla 4-1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.***

## 4.4. Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. september 2006. Samkvæmt skipulaginu, er svæðið, frá Þverá að Skiptá í Kjálkafirði skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Vegurinn liggur um svæði sem er á náttúruminjaskrá „Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes. Um það svæði segir í náttúruminjaskrá:

„Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes, Reykhólahreppi, Vesturbyggð (áður Barðastrandarhreppur.), A- og V-Barðastrandarsýslu. (1) Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattardalsár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.“ [1]

Svæðið er einnig innan Verndarsvæðis Breiðafjarðar. En vegurinn snertir fjörur og leirur sem tilheyra Verndarsvæði Breiðafjarðar (Lögum vernd Breiðafjarðar, nr. 548/1995), en þar segir í 2. grein. „Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins.“ Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Unnið er að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar og verður deiliskipulagið í samræmi við þá breytingu.

### 4.5. Nálgun og aðferðir

Reykhólahreppur í samstarfi við Landmótun sf og í samráði við Vegagerðina unnu að umhverfismati deiliskipulags Vestfjarðavegar. Vinna við umhverfismatið hefur falist í rýni sérfræðinga Landmótunar á þeim málsgögnum sem liggja fyrir varðandi umhverfismat fyrir Vestfjarðaveg milli Eiðis og Þverár., sbr. heimildaskrá. Beitt hefur verið venjubundnum aðferðum við umhverfismat áætlana, sjá nánar í 4. kafla hér að framan.

### 4.6. Valkostir

Ekki er fjallað um mismunandi valkosti í umhverfismati deiliskipulagsins, enda hefur þegar verið fjallað um þá í breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í umhverfisskýrslu þessari hefur verið horft á þá kosti við legu Vestfjarðarvegar innan Reykhólahrepps að þvera Mjóafjörð við minni fjarðarins og Kjálkafjörð gengt Þverá og fara með veginn við Litlanes niður að sjó. Skoðaðir voru tveir valkostir við þverun Kjálkafjarðar sem og tveir valkostir við þverun Mjóafjarðar og beindust þeir helst að því.

**Núllkostur** Núverandi vegur er malarvegur. Hann er vegtæknilega óviðunandi. Kröfum til umferðaröryggis er hvergi nærri mætt. Vegurinn stenst heldur ekki kröfur til burðarþols og þarf því oft að grípa til þungatakmarkana.

## 5. Deiliskipulagssvæði og umhverfisáhrif

Deiliskipulagsuppdrættirnir ná yfir fjögur svæði í Reykhólahreppi og verður fjallað um þá í næstu köflum ásamt umhverfisáhrifum hvers kafla fyrir sig. Svæðin eru eftirfarandi:

- Mjóifjörður
- Kirkjuból
- Litlanes
- Kjálkafjörður

[1] Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa

# 6. Mjóifjörður

## 6.1. Staðhættir

Kerlingarfjörður er um níu km langur fjörður milli Skálmarness og Litlaness og liggur Mjóifjörður inn af honum til norðurs. Háar hamrahlíðar liggja að honum á báða bóga. Í botni fjarðarins renna tvær ár saman til sjávar, Austurá og Mjóafjarðará. Nokkurt birkikjarr er í hlíðum Mjóafjarðar. Nálægt eyðibýlinu Eiðshús í Kerlingarfirði að austan, er nokkurt votlendi en annars er landið vaxið birkikjarri.

## 6.2. Fornleifar

Tvær minjar eru innan deiliskipulagsmarka eru um 20 metra frá framkvæmdasvæðinu. Frá Eiði að Eiðshús eru skráðir fjórir minjastaðir (mynd 11), varða (139612-80:019), óþekktar tóftir (139612-80:017 og 18) og íveruhús (139612-80:016). Stysta fjarlægð í miðlínu vegar er 44 m og er það fornleifin 139612-80:018 miðað við ytri þverun.

## 6.3. Skeringar og efnistaka

Skeringar eru á 1,5 km kafla og er þar jafnframt efnistaka fyrir fyllingar. Til lagningar Vestfjarðavegar milli Eiðis og Þverár, þarf um 1.150-1.460 þús. $m^3$ af efni í undirbyggingu, yfirbyggingu og rofvarnir en efnisþörfin er breytileg eftir veglínum. Stór hluti efnis mun koma úr vegskeringum en það sem á vantar verður tekið úr skilgreindum námum skv. aðalskipulagi Reykhólahrepps.

## 6.4. Fyllingar og brúargerð

Fyllingar á deiliskipulagssvæðinu verða á um 3 km kafla. Brú yfir Mjóafjörð verður 160 m löng en akbraut hennar verður 9,0 m að breidd og bríkur 0,5 m breiðar. Heildarbreidd brúar verður 10 m. Gert er ráð fyrir að undirstöður verði grundaðar á staurum.

## 6.5. Efnisþörf

Gert er ráð fyrir að efnisþörf á þessum kafla verði 510.000 $m^3$.

## 6.6. Veglína og áningarstaðir.

Veglína breytist þar sem þverun er yfir Mjóafjörð en er óbreytt að öðru leyti. Gert er ráð fyrir áningarstað við núverandi rétt við þar sem núverandi og nýr vegur mætast. Um er að ræða góðan útsýnisstað yfir Kerlingarfjörð. Þar er gert ráð fyrir stæðum fyrir allt að 6 bíla auk upplýsingaskilta um svæðið sem og nestisaðstöðu.

Í Mjóafirði eru hugmyndir um að gerð verði tenging við núverandi veg austan fjarðarins en veginum vestan hans verði lokað. Í samráði við landeigendur verður tekin ákvörðun um tengingar að eyðibýlum á svæðinu.

## 6.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vatnafar** | **0** | Þverun Mjóafjarðar ásamt fyllingum hefur óveruleg áhrif á vatnafar, þ.e. vatnaskipti verða tryggð og tryggt verður að botnrof verði sem minnst með nægjanlegu stóru brúaropi (160 m). | Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, sjá 1. gr.<br>Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar |
| **Fjörur og leirur** | **0** | Áhrif á fjörur og leirur óveruleg þar sem full vatnaskipti verða tryggð í Mjóafirði við hönnun brúar. | 37 gr. laga um náttúruvernd.<br><br>Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu. |
| **Fornleifar** | **0** | Vegagerð um þennan kafla mun ekki hafa áhrif á skráðar fornminjar um svæðið en tvær minjar eru skráðar við Eiðshús sem eru innan deiliskipulagssvæðis. | Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.<br>Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. |
| **Sjónræn áhrif** | **-** | Sjónræn áhrif verða neikvæð með tilkomu þverunar og skeringa. Með góðum frágangi að vegagerð lokinni hvort sem er við skeringar eða fyllingar þá er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum. | Sérstaða/fágæti landslags út frá viðmiðum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá.<br>Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. |

Mótvægisaðgerðir:

- Brúarop ríflegt til að tryggja næg vatnaskipti.
- Uppgræðsla á kjarri sem tapast.
- Yfirborð núverandi vega, sem hugsanlega verða aflagðir, verða losaðir upp til að flýta fyrir sjálfáningu birkis.
- Framkvæmdum hagað þannig að það skerði birkikjarr sem minnst.
- Starfsreglur settar fram um tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður.
- Óskað eftir að Fornleifavernd ríkisins/Minjavörður Vestfjarða leiðbeini um frekari rannsóknir á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.
- Með því að halda raski við skeringar í lágmarki er hægt að hlífa fornminjum.
- Tryggja vatnsskipti við þverun Mjóafjarðar.

# 7. Kirkjuból

## 7.1. Staðhættir

Við vestanverðan Kerlingarfjörð er eyðibýlið Kirkjuból.

## 7.2. Fornleifar

Í landi Kirkjubóls vestra voru skráðir 14 minjastaðir (sjá mynd 12). Fjórar minjar eru nálægt fyrirhuguðu vegstæði (≤ 50 m) en þær eru:

Útihús (139612-80:009) eru um 50 m austur af bæjarstæðinu (139612-80:001). Svæðið er þýft og það sést móta fyrir ógreinilegri rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er. Fjarlægð frá veglínu um 22 m.

Naust (139612-80:010) er u.þ.b. 80 metra suðaustur af bæjarstæðinu. Naustin er á bakka fyrir ofan fjöru. Sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er. Fjarlægð frá veglínu um 39 m.

Naust (139612-80:011) er suður af bæjarstæðinu. Það sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er. Fjarlægð frá veglínu er 50 m.

Útihús (139612-80:012) standa suðaustur af bæjarstæðinu. Tóftin er tvíhólfa og gróin. Hleðslur útflattar. Fjarlægð frá veglínu er um 40 m.

## 7.3. Skeringar og efnistaka

Skeringar eru á um 2 km kafla og er þar jafnframt efnistaka fyrir fyllingar. Stór hluti efnismunar koma úr vegskeringum en það sem á vantar verður tekið úr skilgreindum námum skv. aðalskipulagi Reykhólahrepps.

## 7.4. Fyllingar og brúargerð

Fyllingar eru á 2,5 km kafla.

## 7.5. Efnisþörf

Gert er ráð fyrir að efnisþörf á þessum kafla verði 50.000 m³.

## 7.6. Veglína

Veglína við bæjarstæði Kirkjubóls er færð neðar og hefur því áhrif á færri fornleifar heldur en ef farið yrði í núverandi veglínu.

## 7.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Gróður** | **0** | Veglínan um Kirkjuból mun hafa óveruleg áhrif á gróður. Engar plöntur á válista eða friðaðar. Skeringar verða græddar upp. | Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur<br>Listi yfir friðlýstar plöntur<br>37 gr. laga um náttúruvernd<br>Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. |
| **Jarðmyndanir** | **0** | Skeringar hafa áhrif á jarðmyndanir en engar jarðmyndanir eru taldar mikilvægar á landsvísu eða hafa sérstakt verndargildi. | 37 gr. laga um náttúruvernd.<br>Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu. |
| **Fornleifar** | **0** | Val á veglínu við Kirkjuból miðast við að skeringar raski ekki fornminjum sem eru skráðar innan deiliskipulagssvæðisins. | Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.<br>Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. |
| **Sjónræn áhrif** | **-** | Sjónræn áhrif verða neikvæð vegna skeringa. Með góðum frágangi að vegagerð lokinni er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum. | Sérstaða/fágæti landslags út frá viðmiðum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá.<br>Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. |

Mótvægisaðgerðir:

- o Uppgræðsla á kjarri sem tapast.
- o Yfirborð núverandi vega, sem hugsanlega verða aflagðir, verða losaðir upp til að flýta fyrir sjálfáningu birkis..
- o Framkvæmdum hagað þannig að það skerði birkikjarr sem minnst.
- o Óskað eftir að Fornleifavernd ríkisins/Minjavörður Vestfjarða leiðbeini um frekari rannsóknir á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.
- o Með því að halda raski við skeringar í lágmarki er hægt að hlífa fornminjum.

# 8. Litlanes

## 8.1. Staðhættir

Litlanes er á milli Kerlingarfjarðar og Kjálkafjarðar. Á Litlanesi eru gróðursnauðar skriður úr Litlanesfjalli (424 m) áberandi. Yst á Litlanesi er undirlendi lítið og stórgrýtt. Litlanes er eyðibýli svo og Stekkjarnes, utarlega í austanverðum Kjálkafirði.

## 8.2. Fornleifar

Við Litlanes er undirlendi lítið og aðstæður fyrir vegagerð m.t.t. minja erfiðar. Aðalskipulagsbreytingin leggur til að farið verði með veginn samkvæmt neðri leið við Litlanes til að hlífa eftirfarandi minjum:

Bæjarstæði Litlanes (139638-81:001) er á litlum hól og síðasta húsið sem stóð á hólnum samanstendur af fjórum hólfum. Húsið hefur verið grjóthlaðið og standa hleðslur grónar.

Fjárhús (139638-81:002) eru beint norður af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 30 metra fjarlægð. Rústin er tvíhólfa og með garði sunnan við.

Útihús (139638-81:003) standa norðvestur af fjárhúsunum, upp undir kletta. Rústin er útflött og gróin.

Útihús (139638-81:004) standa suður af bæjarstæðinu á litlum hól. Rústin samanstendur af þrem hólfum og hafa þau verið fjárhús, hlaða og hesthús.

Stekkur (139638-81:005) í u.þ.b 180 metra norður af bænum. Stendur alveg við þjóðveginn vestanmegin. Rústin samanstendur af þrem hólfum og hafa þau verið fjárhús, hlaða og hesthús.

## 8.3. Skeringar og efnistaka

Skeringar eru á um 3 km kafla og er þar jafnframt efnistaka fyrir fyllingar. Stór hluti efnis mun koma úr vegskeringum en það sem á vantar verður tekið úr skilgreindum námum skv. aðalskipulagi Reykhólahrepps.

## 8.4. Fyllingar og brúargerð

Fyllingar eru á 4 km kafla.

## 8.5. Efnisþörf

Gert er ráð fyrir að efnisþörf á þessum kafla verði 170.000 m$^3$.

## 8.6. Veglína og áningarstaður

Veglína breytist til þess að hlífa minjum sem eru við núverandi vegstæði en um leið verða áhrifin á fjörur og leirur meiri. Gert er ráð fyrir áningarstað þar sem sést yfir vestan við Litlanes með útsýni yfir leirurnar. Þar er gert ráð fyrir stæðum fyrir allt að 6 bíla auk upplýsingaskilta um svæðið sem og nestisaðstöðu.

## 8.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Gróður** | **0** | Veglína um Litlanes mun hafa óveruleg áhrif á gróður. Engar plöntur á válista eða friðaðar. Skeringar verða græddar upp. | Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur<br>Listi yfir friðlýstar plöntur<br>37 gr. laga um náttúruvernd<br>Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. |
| **Jarðmyndanir** | **0** | Skeringar eru talsverðar innan deiliskipulagssvæðisins og hafa því áhrif á jarðmyndanir. Engar jarðmyndanir eru taldar mikilvægar á landsvísu eða hafa sérstakt verndargildi og eru því áhrifin talin óveruleg.<br>Vegurinn er færður neðar í landið og mun koma til með að skerða leirur og fjörur á um samtals 600 m kafla innan deiliskipulagssvæðisins. | 37 gr. laga um náttúruvernd.<br>Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu. |
| **Fornleifar** | **0** | Deiliskipulagið hefur óveruleg áhrif á fornleifar á svæðinu m.v. það leiðarval sem deiliskipulagið leggur til. Lagt er þó til að áður en framkvæmdir hefjast verði sótt um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins. Ytri mörk skeringa miðast við að fornminjar raskist ekki. Allar minjar í nágrenni deiliskipulagssvæðisins verða merktar vandlega og afmarkaðar og verður umferð vinnuvéla bönnuð innan þeirra svæða. Þá verður varast að hafa vinnuskúra og/eða efnageymslur of nálægt fornleifum. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun framkvæmdaraðili hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi aðgerðir.. | Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.<br>Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. |

<table>
<tr><td>Sjónræn áhrif</td><td>-</td><td>Sjónræn áhrif verða neikvæð vegna skeringa. Með góðum frágangi að vegagerð lokinni er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum.</td><td>Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá.<br>Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Mótvægisaðgerðir:<br>o Uppgræðsla á kjarri sem tapast.<br>o Yfirborð núverandi vega, sem hugsanlega verða aflagðir, verða losaðir upp til að flýta fyrir sjálfáningu birkis..<br>o Framkvæmdum hagað þannig að það skerði birkikjarr sem minnst.<br>o Óskað eftir að Fornleifavernd ríkisins/Minjavörður Vestfjarða leiðbeini um frekari rannsóknir á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.<br>o Með því að halda raski við skeringar í lágmarki er hægt að hlífa fornminjum.</td></tr>
</table>

# 9. Kjálkafjörður

## 9.1. Staðhættir

Kjálkafjörður liggur á milli Hjarðarness að vestan og Litlaness að austan. Fjörðurinn er grunnur og skerjóttur, u.þ.b. sex km langur og tveggja km breiður syðst. Hlíðin inn með austanverðum Kjálkafirði er brött og þar er lítið undirlendi. Skiptá rennur þar til sjávar og þar eru mörk Vesturbyggðar og Reykhólasveitar. Í botni Kjálkafjarðar renna tvær ár saman til sjávar, Kjálkafjarðará og Austurá. Vestanmegin í Kjálkafirði er undirlendi heldur meira. Utanvert í firðinum er eyðibýlið Auðnar. Mikið vetrarríki er í Kjálkafirði.

## 9.2. Fornleifar

Við Þverá í Kjálkafirði fundust 3 minjastaðir, tóft (139779-90:004), rétt (139779-90:013) og varða (139779-90:014).

Norðan við Barká er sel (139779-90:015). Ein rúst er greinileg en líklegt er að aðrar leynist undir kjarrgróðri. Sú rúst sem er greinileg, er grasi vaxin og hleðslur standa í um eins meters hæð. Rústin er ferhyrnd en syðsti veggurinn er bogadreginn nyrst. Selið er 113 metra vestur af þjóðveginum og er utan við framkvæmdarsvæðið.

## 9.3. Skeringar og efnistaka

Skeringar eru á 1,3 km kafla og er þar jafnframt efnistaka fyrir fyllingar.

## 9.4. Fyllingar og brúargerð

Fyllingar eru á 2,5 km kafla og brú yfir Kjálkafjörð verður 116 m löng en akbraut hennar verður 9,0 m að breidd og bríkur 0,5 m breiðar. Heildarbreidd brúar verður 10 m. Gert er ráð fyrir að undirstöður verði grundaðar á staurum.

## 9.5. Efnisþörf

Gert er ráð fyrir að efnisþörf á þessum kafla verði 1.096.000 $m^3$.

### 9.6. Veglína

Veglína breytist þar sem þverun er yfir Kjálkafjörð en er óbreytt að öðru leyti. Í Kjálkafirði er mögulegt að gerð verði tenging við núverandi veg vestan fjarðarins en veginum austan hans verði lokað.




*Mynd 9-1. Tillaga að útliti brúar í Kjálkafirði. Brú á mynd er þó 80 m, en ekki 116 m eins og nú er gert ráð fyrir og því aðeins með einum millistöpli (Brúadeild Vegagerðarinnar, 2010).*



*Mynd 9-2. Horft út Kjálkafjörð yfir fyrirhugaðan þverunarstað.*



*Mynd 9-3. Þverun Kjálkafjarðar, horft út fjörðinn. (Heimild Vegagerðin 2011).*

### 9.7. Umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vatnafar** | **0** | Þverun Kjálkafjarðar ásamt fyllingum mun hafa óveruleg áhrif á vatnafar, þ.e. vatnaskipti verða tryggð og tryggt verður að botnrof verði sem minnst með nægjanlegu stóru brúaropi (116 m). | Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, sjá 1. gr.<br>Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar |
| **Fjörur og leirur** | **0** | Áhrif á fjörur og leirur óveruleg þar sem full vatnaskipti verða tryggð í Kjálkafirði við hönnun brúar. | 37 gr. laga um náttúruvernd.<br><br>Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmiðið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu. |
| **Fornleifar** | **0** | Vegagerð um þennan kafla mun ekki hafa áhrif á skráðar fornminjar um svæðið en tvær minjar eru skráðar við Þverá og norðan Barkár eru 4 minjastaðir sem eru innan deiliskipulags-svæðis. | Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.<br>Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. |
| **Sjónræn áhrif** | **-** | Sjónræn áhrif verða neikvæð með tilkomu þverunar og skeringa. Með góðum frágangi að vegagerð lokinni hvort sem er við skeringar eða fyllingar þá er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum. | Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá.<br>Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. |

Mótvægisaðgerðir:

- o Brúarop ríflegt til að tryggja næg vatnaskipti.
- o Uppgræðsla á kjarri sem tapast.
- o Yfirborð núverandi vega, sem hugsanlega verða aflagðir, verða losaðir upp til að flýta fyrir sjálfsáningu birkis..
- o Framkvæmdum hagað þannig að það skerði birkikjarr sem minnst.
- o Starfsreglur settar fram um tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður.
- o Óskað eftir að Fornleifavernd ríkisins/Minjavörður Vestfjarða leiðbeini um frekari rannsóknir á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.
- o Með því að halda raski við skeringar í lágmarki er hægt að hlífa fornminjum.
- o Tryggja vatnsskipti við þverun Kjálkafjarðar.

## 10 Sértækir skilmálar

- o Brúarop verði minnst 116 m til að tryggja næg vatnaskipti í Kjálkafirði og 160 m í Mjóafirði.
- o Að það kjarr sem tapast við vegagerð verði grætt upp á öðrum stöðum.
- o Starfsreglur settar fram um tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður.
- o Óskað eftir að Fornleifavernd ríkisins/Minjavörður Vestfjarða leiðbeini um frekari rannsóknir á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

- o Við útgáfu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði vegna vegaframkvæmda sem eru innan við 500 m frá arnarhreiðrum og er vísað til 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þá þurfi framkvæmdaraðili að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um endanlega staðsetningu vegstæðis í námunda við varpstaði arna og tilhögun vegavinnu þarm.a. með hliðsjón af 19. grein laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994).
- o Við frágang verður reynt að gera skeringar og fyllingar sem minnst áberandi með því að laga brúnir þeirra að landinu í kring. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg og allar brúnir gerðar ávalar. Skeringar verða sléttaðar vel í samræmi við landslag og halla umhverfis og sáð í þau þar sem við á. Annars mun frágangur fara fram eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar (Alverk 95). Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og áningastaða.



***Mynd 10-1. Skýringarmynd sem sýnir fyrirhugaða veglínu um Litlanes. Veglína A um Litlanes (svæði VI) og Litlaneshraun (svæði VII). Grænt= fylling, grátt= skering, brúnt yrjótt= landmótunarsvæði (Heimild. Vegagerðin 2011)***

# 11 Afgreiðsla skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins eru áhrif deiliskipulagsins óveruleg á flesta þætti sem matið byggir á. Samkvæmt niðurstöðu matsins mun deiliskipulagið hafa óveruleg áhrif á, gróður, fugla og lífríki í fjöru og leiru og fornleifar m.v. umfang mismundandi vistkerfa sem fer undir veg samkvæmt leiðarvali og þeirra aðgerða sem lagðar eru til skv. gögnum Vegagerðarinnar. Deiliskipulag yfir framkvæmdina er talið hafa jákvæð áhrif á samfélag með því að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auka umferðaröryggi og bæta samgöngur á svæðinu. Nýr vegur mun hafa jákvæð áhrif á útivist. Helstu neikvæðu áhrifin eru vegna skeringa og þverunar Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar vegna vegagerðar og þverunar. Dregið verði úr neikvæðum

áhrifum framkvæmdanna með góðri hönnun og frágangi mannvirkja, mótvægisaðgerðum og vöktun.

Umsagnir bárust án athugasemda frá Vegagerð ríkisins, dags. 8. September 2011, Vesturbyggð, dags. 25. ágúst 2011, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, dags. 28. júlí 2011 og Breiðafjarðarnefnd, dags. 17. ágúst 2011.

Í umsögn frá Fornleifavernd ríkisins dags. 9. ágúst 2011 var bent á að taka þarf tillit til fornleifa í landi sem koma fram á deiliskipulagsuppdráttum fyrir Kerlingafjörð, Kirkjuból og Litlanes sbr. eftirfarandi:

- o Þar sem minjar eru nálægt fyrirhuguðu vegstæði skal merkja minjar á meðan framkvæmdatíma stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.
- o Þar sem nauðsynlegt er að raska fornleifum þá þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að raska minjum og sæta þeim skilyrðum sem stofnunin kann að setja fyrir slíku leyfi.
- o Þar sem nýr vegur mun raska hluta af garðlagi í landi Kirkjubóls skal grafa könnunarskurð til að afla frekari upplýsinga um gerð hans og aldur.
- o Vegna bænahúss og kirkjugarðar í landi Kirkjubóls skal ganga úr skugga um hvort garðurinn og bænahúsið séu í eða við vegstæðið. Þegar upplýsingar liggja fyrir mun Fornleifavernd ríkisins taka ákvörðun um mótvægisaðgerðir.

*Hreppsnefndin mun framfylgja þessum skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins.*

Í umsögn frá Umhverfisstofnun dags. 3. október 2011 er bent á að þverun Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar er betri kostur en uppbygging vegar umhverfis firðina varðandi fjörur, leirur og birkiskóga. Umhverfisstofnun taldi mikilvægt að tekið sé tillit til varptíma fugla við framkvæmdir og sérstaklega farið við varlega við arnarsetur í Kjálkafirði og standa þannig að verki að ekki verði farið nálægt mest nýtta varpstað arna í firðinum. Einnig að laga betur veginn að landi með því að draga úr hönnunarhraða vegarins á vissum.
*Hreppsnefnd hefur sett fram skilyrði við vegaframkvæmdir í námunda við varpstaði arna í kafla 10. Sérstakir skilmálar.*

*Hreppsnefnd vill draga sem mest úr neikvæðum áhrifum vegagerðarinnar með því að laga veginn, vegtengingar, námusvæði og þveranir eins vel að landi og hægt er. Að ósnertu eða lítt röskuðu landi verði raskað sem minnst og gróðursvæði, birkikjarr og votlendi verði endurheimt. Hreppsnefndin leggur hins vegar áherslu á að hönnunarhraði verði ekki lækkaður vegna umferðaröryggismála og ennfremur vegna þess að lækkun hönnunarhraða við Litlanes hefur meiri áhrif á minjar þar (sbr. leið C sem Vegagerðin hefur fallið frá).*

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

Í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2012 er óskað eftir að við endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar þurfi að taka á eftirfarandi þáttum.

1. Skýra af hverju niðurstaða umhverfismats deiliskipulagsins sé í ósamræmi við álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 5. des 2011. *Hreppsnefnd fjallaði um deiliskipulagið 8. desember 2011 og hafði því ekki tök á að fara yfir álit Skipulagsstofnunar fyrir þann fund.*

2. Að sveitarstjórn taki afstöðu til og setji fram skilyrði m.a. um endanlega staðsetningu vegstæðis í námunda við varpstaði við endanlega afgreiðslu deiliskipulagsins.

*Hreppsnefnd hefur sett fram skilyrði við vegaframkvæmdir í námunda við varpstaði arna í kafla 10. Sérstakir skilmálar.*

3. Í greinargerð verði gerð nánari grein fyrir efnistöku.

*Engin efnistaka er um fram það efni sem fæst við skeringar og hefur þeim upplýsingum verið lýst betur í greinargerðinni.*

4. Skýrt þarf að koma fram í skilmálum deiliskipulagsins til hvaða mótvægisaðgerða skal grípa á hverjum stað.

*Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins eru mótvægisaðgerðir skilgreindar fyrir hvern stað en í kafla 10. Sérstakir skilmálar er gerð frekari grein fyrir skilmálum og kröfum.*

5. Bregðast við athugasemdum Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

*Hreppsnefnd hefur brugðist við þeim athugasemdum sbr. umfjöllun hér að framan.*

6. Skoða þarf hvort vatnaskipti þurfi að vakta og setja fram vöktunaráætlun eftir því sem við á.

*Hreppsnefnd vísar til þess að við gerð útboðsgagna vegna vegaframkvæmda verði fylgst með að öll skilyrði sem koma fram við umhverfismat framkvæmdanna séu uppfyllt og þar með hvort vatnaskipti þurfi að vakta. Á meðan framkvæmdum stendur fylgist framkvæmdaeftirlit Vegagerðarinnar með að farið sé eftir öllum skilyrðum í útboðsgögnum.*

7. Gera þarf grein fyrir hvort núverandi vegur verði notaður áfram.

*Núverandi vegur er færður um vegflokk og sýndur sem aðrir vegir til skýringar. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir áningarstað á núverandi vegi á móts við Eiðshús austan Mjóafjarðar. Í samráði við landeigendur verður tekin ákvörðun um tengingar eftir núvarandi vegum að eyðibýlum á svæðinu og mögulega nýtingu þeirra sem ferðamannavegir.*

8. Gera þarf yfirlitsuppdrátt sem sýnir staðsetningu hvers vegarkafla fyrir sig.

*Hluti af deiliskipulagsgögnunum er skýringaruppdráttur sem sýnir afmörkun hvers vegarkafla.*

Niðurstaða hreppsnefnda eru að áhrifin af deiliskipulaginu eru staðbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skal sú vöktun fara fram af Náttúrustofu Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun.

## 12. Heimildir


1. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.
2. Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2016.
3. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
4. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
5. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
6. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
7. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
11. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
12. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
13. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
14. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
15. Skipulagslög nr. 123/2010.
16. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
17. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.
18. Vegagerðin 2009. Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði Kynning á framkvæmdinni
19. Vegagerðin 2011. Vestfjarðarvegur (60), milli Eiðis og Þverár í Vattarfirði. Mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla. Drög mars 2011.
20. Vegagerðin 2011. Vestfjarðarvegur (60), milli Eiðis og Þverár í Vattarfirði. Mat á umhverfisáhrifum, matsskýrsla. Október 2011.